

KJARASAMNINGUR
milli
Félags bókagerðarmanna, Flóabandalagsins (Efling, Hlíf, VSFK),
Landssambands íslenskra verslunarmanna, Matvís,
Mjólkurfræðingafélags Íslands, Rafiðnaðarsambands Íslands,
Samiðnar, Starfsgreinasambands Íslands, VM Félags vélstjóra og
málmtæknimanna, VR, samninganefndar ASÍ
og
Samtaka atvinnulífsins

Aðfarasamningur	2
Forsendur og gildistími	2
Kaupliðir	3
Yfirlýsing um lífeyrismál	5
Ný og breytt ákvæði kjarasamninga	5
Sjúkrakostnaður vegna vinnuslysa	5
Greiðsla yfirvinnu með frítöku	5
Útreikningur á yfirvinnulaunum	6
Lengd matartíma í yfirvinnu um helgar	6
Greiðsla frítökuréttar	6
Ólaunaðir frídagar á ferðum	6
Bókanir	6
Almenn launahækkun	6
Sameiginleg launastefna ASÍ og SA	7
Skilgreining vakta	7
Veikindi og endurhæfingarmál	7
Bókun um tilkynningu veikinda	8
Slys erlendis	8
Lokun vegna force major aðstæðna	8
Jafnréttisáherslur	8
Skráning og meðferð persónuupplýsinga	9
Upplýsingar og samráð	9
Óvinnufærni vegna veikinda	9
Starfsmannaleigur	9
Yfirlýsing ASÍ og SA um framkvæmd útboðsmála	10
Lokaákvæði	11
Fylgiskjöl	12
Fylgiskjal 1. Samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum ...	12
Fylgiskjal 2. Tillaga að breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007	17

Aðfarasamningur

Allir kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 22. júní 2011, þ.m.t. sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-máí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júní 2011.

Nú taka samningar um framlengingu kjarasamninga til 31. janúar 2014 ekki gildi hinn 22. júní 2011 og geta þá annað hvort ASÍ eða SA fyrir 22. júní 2011 ákveðið framlengingu þessa aðfararsamnings til 31. janúar 2012 og skulu þá þær breytingar á kjarasamningum, sem samið hefur verið um af hálfu samninganefndar ASÍ og aðildarsamtaka ASÍ og taka áttu gildi þann 1. júní 2011 koma að fullu til framkvæmda, þ.m.t. ný og breytt ákvæði kjarasamninga og bókanir. Þó taka ekki gildi sérstakt 15.000.- kr. álag á desemberuppbót 2011 og sérstakt 10.000.- kr. álag á orlofsuppbót 2011, ákveði ASÍ framlengingu þessa aðfarasamnings til 31. janúar 2012.

Forsendur og gildistími

Forsenduákvæði

Sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og tveimur af SA skal taka þegar til starfa. Hún skal fjalla um þróun kjara-, efnahags-, atvinnu- og félagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að því að markmið samnings þessa um að auka hagvöxt, skapa störf, auka jafnvægi í efnahags- og atvinnulífi milli einstakra greina, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt nái fram að ganga.

Frá undirritun þessa samnings og til 21.6. 2011, skal nefndin sérstaklega fjalla um forsendur gildistöku þessa samnings. Til þess að samningurinn taki gildi þann 22. júní þurfa þær stjórnvaldsákvvarðanir og lagabreytingar sem heitið er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hafa náð fram að ganga fyrir þann tíma.

Í byrjun janúar 2012 skal nefndin fjalla sérstaklega um forsendur samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2011 til 31. desember 2011. Samningurinn heldur gildi sínu til 31. janúar 2014 hafi forsendur staðist.

Í byrjun janúar 2013 skal nefndin fjalla sérstaklega um forsendur samningsins fyrir tímabilið 1. febrúar 2012 til 31. desember 2012. Samningurinn heldur gildi sínu til 31. janúar 2014 hafi forsendur staðist.



Forsendur samningsins eru:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010 – desember 2011 og á tímabilinu desember 2011 - desember 2012 samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Verðlag haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði.
3. Að gengi krónunnar styrkist marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011 og að gengisvítila íslensku krónunnar verði innan við gildið 190 í desember 2012, miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands (þróng viðskiptavog).
4. Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamning þennan.

Fari svo að ofangreindar forsendur standist ekki skal kalla saman fund samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Náist samkomulag um viðbrögð vegna endurskoðunarinnar 2012 þá heldur samningurinn gildi til loka janúar 2014. Náist samkomulag um viðbrögð vegna endurskoðunarinnar 2013 þá heldur samningurinn gildi til loka janúar 2014.

Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá ofangreindra aðila sem ekki vill að samningurinn haldi gildi sínu skyra frá þeirri ákvörðun og rökstyðja hana. Fellur samningurinn þá úr gildi frá lokum janúar 2012 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 20.1.2012 vegna endurskoðunarinnar 2012 en frá lokum janúar 2013 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 21.1.2013 vegna endurskoðunarinnar 2013.

Gildistími

Standist forsendur skv. framansögðu gildir samningur þessi frá 22. júní 2011 og framlengjast þá allir kjarasamningar þ.m.t. sérkjarasamningar sem teljast hlutar aðalkjarasamninga aðila til loka janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Kaupliðir

Í samningum einstakra aðildarsamtaka ASÍ eru eftirfarandi breytingar á mánaðarlaunum samkvæmt samræmdri launastefnu.

Almenn launahækkun

- 1.6. 2011: 4,25%.
1.2. 2012: 3,5%.
1.2. 2013: 3,25%.



Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

Sérstök hækkun kauptaxta

Í stað áðurgildandi launataxta komi nýir sem eru hluti samninga viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ. Launataxtar gilda frá 1. júní 2011, frá 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum viðkomandi aðildarsamtaka ASÍ skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki:

1. júní 2011	kr. 182.000 á mánuði.
1. febrúar 2012	kr. 193.000 á mánuði
1. febrúar 2013	kr. 204.000 á mánuði

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum tekjum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar bónus-, álags- og aukagreiðslur, sem falla til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram fullt starf og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.

Desember- og orlofsuppbót.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800. (VR/LÍV 55.400).

Á árinu 2012 kr. 50.500. (VR/LÍV 57.300).

Á árinu 2013 kr. 52.100. (VR/LÍV 59.200).

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

(VR/LÍV 20.300).

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót kr. 27.800.

(VR/LÍV 21.000).


Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 28.700.

(VR/LÍV 21.600).

Sérstakt álag á desember- og orlofsuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.



Yfirlýsing um lífeyrismál

Samningsaðilar eru sammála um að halda áfram vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði. Yfirlýsing� þessari er ætlað að auðvelda sátt um meginþætti lífeyrismála. Meginmarkmiðið er að allir lífeyrissjóðir á vinnumarkaðnum starfi á sjálfbærum grunni og að lífeyrisréttindi þróist í samræmi við þarfir fyrir ásættanlegan lífeyri. Á vettvangi samningsaðila verður unnið á þeim forsendum að hækka þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014 – 2020.

Í viðræðum samningsaðila verður fjallað um hvernig hækjun iðgjalda verður framkvæmd þ.m.t. áfangaskipting og skipting iðgjalds milli launagreiðenda og starfsmanna á grundvelli samræmingar fyrir vinnumarkaðinn í heild. Tekið verður tillit til mismunandi launakerfa s.s. á fiskiskipum.

Samningsaðilar stefna á að niðurstaða í þessari vinnu liggi fyrir í árslok 2012 og komi til umræðu vegna endurskoðunar kjarasamninga í ársbyrjun 2013. Yfirlýsing þessi felur í sér umboð til framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins og Samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ að ganga frá útfærslu á hækjun iðgjalda sem tekið geta gildi á árinu 2014.

Ný og breytt ákvæði kjarasamninga

Sjúkrakostnaður vegna vinnuslysa

Í upphafi greinar um sjúkrakostnað komi ný málsgrein sem orðist svo :


Hvað varðar sjúkra- og flutningskostnað teljast slys á beinni leið til og frá vinnu til vinnuslysa.

Greiðsla yfirvinnu með frítöku

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, þar sem ekki er sérstaklega fjallað um frí í stað yfirvinnu komi ný grein í kaflann um vinnutíma:

„Frí í stað yfirvinnu.

Heimilt er með samkomulagi starfsmanns og atvinnurekanda, að safna frídögum vegna yfirvinnu, á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili en munur dagvinnu- og yfirvinnutímakaups er greitt við næstu reglulegu útborgun eða komi í heild til uppsöfnunar og frítöku á dagvinnutímabili. Verðgildi unninna yfirvinnutíma skal lagt til grundvallar. Samkomulag skal vera um frítöku. Frítökuréttur skv. framansögðu sem ekki hefur verið nýttur fyrir 1. maí ár hvert eða við starfslok, skal greiddur út m.v. verðgildi dagvinnustunda á greiðsludegi. Samkomulag skal vera um frítöku og hún skipulögð þannig að sem minnst röskun verði á starfsemi.“



Útreikningur á yfirvinnulaunum

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, annarra en RSÍ, komi þar sem fjallað er um yfirvinnu:

Um útreikning á yfirvinnulaunum fer skv. ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar.

Lengd matartíma í yfirvinnu um helgar

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA, þar sem ekki er sérstaklega fjallað um lengd neysluhléa í yfirvinnu um helgar komi ný grein:

„Um lengd neysluhléa um helgar fer með sama hætti og virka daga.“

Greiðsla frítökuréttar

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem fjallað er um vinnutíma komi í undirkafla um lágmarkshvíld þar sem fjallað er um „Frávik og frítökurétt“ svohljóðandi ný grein:

„Án samþykkis starfsmanns er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig, að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum atvinnurekanda eða við störf fjarri heimili/aðsetri nema í eðlilegu framhaldi söfnunar.“

Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar eru sammála um að inn í samningstexta þeirra kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem ekki er sérstaklega fjallað um ólaunaða frídaga á ferðum komi svohljóðandi ný grein:

„Þurfi starfsmaður að ósk fyrirtækis að ferðast milli landa á ólaunuðum frídögum, skal hann þegar heim er komið fá frí sem samsvarar 8 dagvinnuklukkustundum fyrir hvern frídag sem þannig glatast, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess við ákvörðun launa. Um töku þessara frídaga fer með sama hætti og ákveðið er í kaflanum um lágmarkshvíld og frítóku“

Bókanir

Almenn launahækkun

Með umsaminni almennri launahækkun í kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og SA er átt við lágmarkshækkun þeirra reglulegu launa sem starfsmaður nýtur á þeim degi þegar hækkun skv. kjarasamningi á að koma til framkvæmda, óháð launum viðkomandi starfsmanns.



Óheimilt er að lækka eða afnema yfirboranir með því að greiða ekki út almennar launahækkunar. Yfirboranir verða því aðeins lækkaðar eða afnumdar að fylgt sé ákvæðum ráðningarsamnings. Þetta ákvæði kemur þó ekki í veg fyrir að fyrirtæki geti með launaákvörðunum flýtt hækkunum með sérstökum ákvörðunum og þá sé með fyrirsjáanlegum og fyrirfram ákveðnum hætti tekið tillit til óframkomina almennra hækkana á næstu 12 mánuðum. Starfsmanni sé fyrirfram gert ljóst með sannanlegum hætti að um flýtta almenna launahækkun samkvæmt kjarasamningi sé að ræða.

Sameiginleg launastefna ASÍ og SA

Kjarasamningar undirritaðir í dag fela í sér tilteknar niðurstöður um almennalaunahækkun, hækkun kauptaxta og aðrar breytingar sem saman mynda heildarkostnað gagnvart atvinnulífinu á samningssviði aðila. Almennar launahækkunar verða samtals 11,41% á samningstímanum. Sérstök hækkun kauptaxta er láglunaðgerð sem hækkar launakostnað misjafnlega eftir því hve margir taka laun skv. kauptöxtum. Framangreind niðurstaða kjarasamninga felur í sér að mótuð hefur verið sameiginleg og samræmd launastefna gagnvart þeim fjölmörgu samningum sem enn eru ógerðir á samningssviði aðila. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að framfylgja framangreindri launastefnu í framhaldinu.

Í þessu felst m.a. að launakerfi sem samsett eru af launatöxtum og hlutfallslegum álögum (þó ekki vaktaálögum), hvort sem er í formi prósenta eða með öðrum hætti innan dagvinnumarka, þarf að aðlaga þannig að launabreytingar séu í samræmi við þessa stefnu.

Skilgreining vaka

Samtökin eru sammála um að kortleggja og stefna að endurskoðun vinnutímakafla kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA þar sem fjallað er um vaktir, vinnu utan dagvinnutímabil og breytilegt dagvinnutímabil, með samræmingu og aukinn skýrleika að leiðarljósi.

Veikindi og endurhæfingarmál

Samningsaðilar einsetja sér að endurskoða uppbyggingu á fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og vinnuvernd.

Markmiðið er að stuðla að því að brugðist sé við veikindum með fyrirsjáanlegum hætti og að starfsmanni sem veikist bjóðist viðeigandi úrræði sem fyrst. Þetta felur m.a. í sér aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði til að tryggja það að einstaklingar sem veikjast eða slasast og eru í virkri starfsendurhæfingu hafi möguleika á að koma til baka í samræmi við vinnugetu sína á hverjum tíma.

Ljóst er að þessu markmiði verður aðeins náð ef gagnkvæmt traust ríkir milli atvinnurekanda og starfsmanna um fyrirkomulag við tilkynningu veikinda, endurkomu starfsmanna úr veikindum, fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu í fyrtækjum o.s.frv.

Samningsaðilar taka þátt í stýrihópi á vegum VIRK sem vinnur að þeim markmiðum sem nefnd eru hér að framan.



Sérstaklega verður fylgst með þróunarverkefni sem er að fara af stað á vegum VIRK um forvarnir og starfsendurhæfingu. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til inn í sínu starfi.

Samningsaðilar munu vera starfsmönnum þessa þróunarverkefnis til stuðnings og ráðlegginga vegna álitamála sem upp koma í verkefninu og snúa að lög- og kjarasamningsbundnum réttindum og skyldum á vinnumarkaði.

Bókun um tilkynningu vinnuslysa

ASÍ og SA munu sameiginlega óska eftir breytingu á lögum nr. 30/2004 um vátryggingasamninga þess efnis að tilkynning vinnuveitanda um vátryggingaratburð jafngildi skyldum vátryggðs í því efni skv. 51.gr. laganna hafi hann ekki tilkynnt um atburðinn.

Slys erlendis

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekanda að tryggja starfsmenn sína á ferðalögum á vegum atvinnurekanda. Þar sem hefðbundnar ferða-, slysa- og sjúkratryggingar veita almennt ekki nægilega vernd vegna slysa erlendis af völdum vélknúinna ökutækja, munu aðilar vinna að því, að starfsmenn verði tryggðir með fullnægjandi hætti. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en 1. nóvember 2011.

Lokun vegna force major aðstæðna

Á fyrsta ári frá gildistöku aðalkjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA skal sérstakur vinnuhópur, skipaður fulltrúum ASÍ og SA, taka saman upplýsingar og gögn frá Norðurlöndunum um fyrirkomulag launagreiðslna og/eða bóta til starfsmanna í kjölfar force major atvika.

Jafnréttisáherslur

Jafnir möguleikar kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa er hagsmunamál launafólks og fyrirtækja. Aðilar munu því vinna saman að eftirtöldum verkefnum á samningstímanum.

- Ljúka gerð staðals um framkvæmd stefnu launajafnréttis og í framhaldinu sé unnið áfram við gerð staðals um jafna möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar. Staðlavinnan er unnin í samstarfi við Staðlaráð Íslands og velferðarráðuneytið. Stefnt er að útgáfu fyrir lok samningstímans.
- Haldið verði áfram samstarfi við Hagstofu Íslands um rannsókn á launamyndun kvenna og karla byggðri á gagnasafni stofnunarinnar með það að markmiði að gera eina rannsókn á samningstímanum.
- Gerð sameiginlegs kynningar- og fræðsluefnis fyrir launafólk og fyrirtæki um jafnrétti á vinnumarkaði á samningstímanum.
- Að hvetja stjórnendur fyrirtækja til að huga að móton fjölskyldustefnu innan fyrirtækja með það að markmiði að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga

Um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 77/2000, og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra, svo sem um rafræna vöktun. Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlegt kynningar- og fræðsluefni á samningstímanum um persónuvernd starfsmanna.

Upplýsingar og samráð

Aðilar eru sammála um að fara í sameiginlegt átak til kynningar og framkvæmdar á lögum um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum nr. 151/2006 og vinna að fræðslu- og kynningarefni um réttindi og skyldur fyrirtækja og starfsmanna skv. lögnum. Aðilar eru sammála um að beina því til atvinnureknda að eiga fundi með trúnaðarmönnum a.m.k. tvísvar á ári þar sem m.a. er fjallað um stöðu og atvinnumál fyrirtækisins.

Óvinnufærni vegna veikinda

Aðilar eru sammála um að, auk veikinda og slysatilvika, verði veikindaréttur samkvæmt samningi þessum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega læknisaðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni.

Ofangreind skilgreining felur ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hefur verið túnkað af dómstólum. Þó eru aðilar sammála um að aðgerðir sem starfsmaður þarf að gangast undir, til að bæta úr afleiðingum slyss við vinnu, leiði einnig til þess að veikindaréttur skv. samningi þessum verði virkur.

Starfsmannaleigur

Aðilar eru sammála um að við innleiðingu starfsmannaleigutilskipunarinnar verði áréttuð að á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímbundið beint til vinnuveitanda enda ríkir hér ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi þeirra.

Einnig, að samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrirréttinda nr. 55/1980, ákveða kjarasamningar lágmarkskjör. Þá verði meginregla tilskipunarinnar um jafna meðhöndlun lögfest og miðað við að ráðningarkjör starfsmanna starfsmannaleiga skuli á þeim tíma sem um ræðir vera a.m.k. þau sem hefðu gilt ef þeir hefðu verið ráðnir beint til viðkomandi fyrirtækis til að sinna sama starfi. Þar verði vísað til raunverulegra launakjara hjá notendafyrirtækinu hvernig sem þau eru ákvörðuð og hvernig sem þau eru greidd.



Yfirlýsing ASÍ og SA um framkvæmd útboðsmála

Miklu skiptir fyrir íslenskt efnahagslíf að atvinnulífið og vinnumarkaður starfi eftir skýrum og gegnsæjum lögum og reglum og tryggi eðlilega og heilbrigða samkeppni. Útboð verklegra framkvæmda er mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi. Því skiptir miklu að útboðslýsingar vegna verklegra framkvæmda, mat á hæfi bjóðenda, val á tilboði og ákvæði um skil á greiðslum til allra þeirra sem vinna tilboðsverk séu betur undirbúnar og settar fram með ákveðnari hætti en nú er raunin.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við viðræður aðila á vinnumarkaði segir m.a. um framkvæmd útboðsmála:

„Skoðað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði og jafna á sama tíma samkeppnisstöðu fyrirtækja. Stefnt skal að því að starfshópur stjórnvalda, með aðild fulltrúa sveitarfélaga, ASÍ og SA, skili tillögum um framangreind atriði eigi síðar en í júní 2011 og að hægt verði að leggja fyrir Alþingi tillögur um æskilegar lagabreytingar í byrjun haustabings. Stjórvöld munu jafnframt, þar sem það á við, innleiða niðurstöður starfshópsins í eigendastefnu ríkisins.“

SA og ASÍ eru sammála um að nánar skilgreind verkefni starfshópsins séu m.a. eftirfarandi:

1. Taka afstöðu til og leggja fyrir tillögu að lögum um samábyrgð/keðjuábyrgð verktaka/verkkaupa á launum starfsfólks og opinberra gjalda verktaka og undirverktaka. Skal þá sérstaklega horft til laga nágrannalanda um efnið.
2. Taka afstöðu til þess hvernig megi tryggja réttindi launafólks frekar með breytingum á þeim lögum sem fjalla um opinber útboð og hæfi bjóðenda.
3. Taka afstöðu til þess hvernig taka megi upp í útboðsskilmálum um opinber þjónustuinnkaup þær kröfur sem verkkaupi gerir til bjóðanda varðandi vinnufyrirkomulag sem byggir á kjarasamningsbundnum forsendum (s.s. tímamælt ákvæði, uppmæling) til þess að skapa jafnræði meðal bjóðenda og sýna umfang og eðli verksins
4. Taka afstöðu til þess hvernig megi lögleiða gr. 15.1 í ÍST 30 í almenn lög um framkvæmd útboða.

Þá hafa SA og ASÍ komið sér saman um samræmt mat verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum (fylgiskjal 1). Áhersla er lögð á að matið taki bæði til opinbera- og almenna markaðarins og nái jafnt til aðal- og undirverktaka. Jafnframt er lögð áhersla á að matið fái viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð. Við mat á bjóðendum verði meginreglan að starfsmenn séu í föstu ráðningarsambandi.

SA og ASÍ hafa enn fremur komið sér saman um nánari reglur um hvernig skuli standa að gerð útboðsgagna á grundvelli 42. - 45. gr. laga nr. 84/2007, um opinber innkaup, vali á tilboði á grundvelli 73. og 77. gr. laga nr. 84/2007 og skilum á greiðslum á grundvelli staðals IST30:2003, liður 31.5 (fylgiskjal 2).

Lokaákvæði

Ákvæði þessa samnings verða hluti þeirra kjarasamninga sem undirritaðir eru 5. maí 2011 milli Samtaka atvinnulífsins og þeirra stéttarfélaga sem samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ hefur umboð fyrir. Rísi ágreiningur með aðilum um texta einstakra ákvæða ræður texti þessa skjals.


Öll ákvæði þessa samnings hafa gildi lágmarkskjarasamnings skv. ákvæðum 1.gr. laga 55/1980.

Afgreiðsla kjarasamninga

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 25.maí.

Reykjavík, 5. maí 2011

F.h. Samninganefndar ASÍ


F.h. Flóabandalagsins
Rigmor Þórsson


F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



F.h. Samiðnar


Jónína Ólafsdóttir

F.h. Starfsgreinasambands Íslands



F.h. VR


S. E. S.


F.h. Landssambands íslenzkra verzlunarmanna


Ólafur Ólafsson

F.h. Félaga með beina aðild að ASÍ


Guðrún Þórsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins


F. h. Samtaka atvinnulífsins
Hanns Ólafsson
Birna Ólarsdóttir
Hanns G. Sigurðsson

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum

04052011
Fylgiskjal 1

Samræmt mat opinberra verkkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum

Markmið

Samræmdu mati opinberra verkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum er ætlað að tryggja að verktakar, sem vilja gera samning við opinbera verkkaupa, búi yfir þeirri tæknilegu og fjárhagslegu getu sem nauðsynleg er til þess að geta framkvæmt þau verk sem boðin eru út og staðið við samninga í samræmi við það sem verkkaupi ætlast til. Tilgangurinn er ekki sá að greina á milli þeirra tilboðsgjafa sem uppfylla hæfiskröfur útboða.

Opinberir verkkaupar munu í útboðsgögnum setja fram samræmdar kröfur til bjóðenda um skil á upplýsingum og öðrum gögnum með tilboðum til staðfestingar á hæfi. Þær upplýsingar eru grundvöllur hæfismatsins.

Tilgangurinn með samræmdu hæfismati er ekki sá að setja ítarlegar og fullkomnar reglur um málsmæðferð, heldur er það fyrst og fremst hugsað sem hjálparargagn við framkvæmd útboða.

Hvernig standa skal að hæfismatinu

Afar mikilvægt er að opinberir verkkaupar standi á samræmdan hátt að hæfismati bjóðenda og leitist þannig við að tryggja sem mest jafnræði í greininni. Virða ber allar almennar og óskráðar reglur um meðferð á tilboðsgögnum sem koma í veg fyrir tilviljanakennt mat, mat sem byggist á ómálefnalegri mismunun eða er mjög ósanngjarnt. Opinberir verkkaupar eiga hver um sig að sjá til þess að hæfismatið sé framkvæmt í samræmi við sameiginleg markmið.

Pannig skal staðið að útboðum og hæfismati að það stuðli að heilbrigðum og fjölbreyttum verktakamarkaði og auki samkeppni á honum. Við opinber innkaup er greint á milli **vals bjóðanda** (e. qualitative selection) annars vegar og **vals tilboðs** (e. award of contract) hins vegar. Þessum atriðum ber að halda vandlega aðskildum. Val á bjóðendum snýst um hvort viðkomandi fyrirtæki fullnægja ýmsum skilyrðum sem lúta að hæfi þeirra og getu, einkum skilyrðum um tæknilega og fjárhagslega getu. Ef fyrirtæki telst á annað borð fullnægja skilyrðum til að mega leggja fram tilboð verður að meta tilboð þess sjálfstætt í samræmi við forsendur fyrir vali tilboðs. Ekki er heimilt að líta til atriða sem varða tæknilega og fjárhagslega getu fyrirtækis við mat og val á tilboði.

Markmiðið er að útiloka þau fyrirtæki frá útboðum sem ekki hafa burði til þess að framkvæma þau verk sem opinberir verkkaupar bjóða út. Einkum er lögð áhersla á að verktakar séu hæfir til verksins, hafi reynslu og geti vísað til umsagnaraðila, hvort sem það varðar tækni og fagmennsku eða skipulag og stjórnunarþáttinn, ásamt því að standa nógu styrkum fótum fjárhagslega.

Hvenær notast er við hæfismat

Hæfismat skal alltaf nota þegar útboð eru yfir þeim opinberu viðmiðunarfjárhæðum sem gilda um verkframkvæmdir. Þó getur reynst nauðsynlegt að gera lágmarkskröfur vegna sérstakra verkefna þar sem samningar ná ekki opinberum viðmiðunarfjárhæðum. Það getur t.d. átt við

sérstaklega erfið verkefni tæknilega séð eða atvik þar sem verkkaupinn tekur mjög mikla áhættu og það gæti haft miklar afleiðingar í för með sér ef verkið er ekki unnið eins og áformað er.

Hæfisflokkar

Viðmið og kröfur um mat á hæfi byggjast á mati á því hvaða áhættu verkkaupinn er tilbúinn að taka hvað varðar framvindu og kostnað. Forðast ber að kröfurnar hræði mögulega þátttakendur frá því að leggja fram tilboð. Helsta markmiðið er að finna rétt jafnvægi á milli áhættu og samkeppni.

Ekki skal gera strangari faglegar, tæknilegar og fjárhagslegar kröfur en nauðsynlegt er og þær eiga að vera í samræmi við áhættu verkkaupa og stærð samnings. Stærð samnings og áhættu verkkaupa ráða hæfisflokkun og er greint á milli fjögurra stærðarflokka og þriggja áhættuþrepa.

Leggja ber aðaláherslu á að meta hættuna á afleiðingum fyrir verkkaupann, verði verkið ekki framkvæmt eins og áformað var. Sú áhætta byggist á því hve flókið verkið er, hve erfitt það er og stærð þess og afleiðingum á önnur og tengd verkefni. Markaðsþættir geta þar einnig átt hlut að málí.

Mikil áhætta gæti tengst verkefnum með ströng tímamörk, tæknilega flóknum verkum, umfangsmiklum og dýrum útbúnaði og þess háttar.

Kröfur í einstökum útboðum eru ákveðnar á grundvelli stærðar og áhættuþreps í samræmi við eftirfarandi töflu (Fjárhæðir eru með VSK til samræmis við almenna venju við gerð kostnaðaráætlana og tilboða. Á það er hins vegar bent að viðmiðunarþjárhæðir í reglugerðum eru án VSK.):

		Hæfisflokkun			
		Umfang samnings í milljónum króna með VSK			
		≤75	75 - 400	400 - 800	≥800
Lítill áhætta	C	C	B	A	
Áhætta í meðallagi	C	B	A	A	
Mikil áhætta	B	A	A	A	

Meta þarf fyrir hvert verkefni áhættu verkkaupa. Sem dæmi um verkefni með lítilli áhættu má nefna hefðbundna efnisflutninga, efnisvinnslu og vetrarþjónustu. Verkefni með meðaláhættu geta verið vegagerð með bundnu slitlagi, styrking vega og gerð bundins slitlags. Verkefni með mikilli áhættu geta verið verkefni þar sem umferð er mikil, brúargerð, gerð jarðganga og verkefni þar sem tímamörk eru þróng.

Þegar unnin er nýbygging og endurgerð gatna í borgarumhverfi er um mikla áhættu að ræða. Hæfisflokkur aldrei lægri en A.

Dæmi um flokkun byggingaverkefna vegna áhættu / flækjustigs:

- a) Þegar um er að ræða samninga um alverk gildir hæfisflokkur A.
- b) Þegar unnin eru heildarverk í endurgerð lóða er hæfisflokkur aldrei lægri en B.
- c) Þegar unnin eru einstök verkefni allra iöngreina nema húsasmíði á bilinu 75-400 mkr. og hærra er hæfisflokkur aldrei lægri en B.
- d) Þegar um er að ræða byggingu sundlauga, grunnskóla og menningarhúsa gildir hæfisflokkur A.
- e) Þegar um er að ræða raflagnir, öryggiskerfi, lofræstikerfi, hússtjörnarkerfi og önnur tæknilega flókin kerfi og þegar um er að ræða samninga um brýr gildir hæfisflokkur A.

Tekið skal fram í útboðslýsingu hvaða hæfisflokkur gildir fyrir viðkomandi verk.



Mat á hæfi bjóðenda

Mat á hæfi bjóðenda byggist á þremur eftirfarandi meginviðmiðum:

M1: Tæknileg geta bjóðenda.

M2: Fjárhagsstaða bjóðenda.

M3: Persónulegum aðstæðum bjóðenda.

Fyrir alla hæfisflokkja gildir að vanti upplýsingar og/eða þær eru ófullnægjandi mun verkkaupi vísa tilboði frá við yfirferð gagna.

Hvert einstakt fyrirtæki í samstarfi um verkefni þarf að gefa sínar eigin upplýsingar, auk sameiginlegra upplýsinga sem krafist er í útboðslýsingu.

Kröfur eftir hæfisflokkum

Hæfisflokkur C

M1: Tæknileg geta bjóðanda:

M1a: Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa unnið við a.m.k. eitt verkefni svipaðs eðlis fyrir verkkaupa eða annan aðila

M1b: Yfirstjórndi (verkefnisstjóri / verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis fyrir verkkaupa eða annan aðila

M1c: Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki. Lágmarkskrafa til gæðakerfis er sambærileg við D vottun gæðakerfis Samtaka iðnaðarins.

Unnt er að víkja frá kröfu um gæðakerfi þegar útboð eru iðngreinaskipt.

M1d: Öryggis- og heilbrigðisáætlun bjóðanda.

M2: Fjárhagsstaða bjóðenda:

M2a: Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt.

M2b: Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.

M2c: Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna.

M3: Persónulegar aðstæður bjóðenda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

a. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.

b. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.

c. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.

d. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.

e. Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.

f. Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.

g. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt súkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir eða fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Hæfisflokkur B

M1: Tæknileg geta bjóðanda:

- M1a: Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 40% af tilboði í þetta verk.
- M1b: Yfirstjórnandi (Verkefnisstjóri/verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 40% af tilboði bjóðanda í þetta verk.
- M1c: Krafa um að bjóðandi hafi tæknimenntaðan starfsmann.
- M1d: Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki.
- M1e: Öryggis- og heilbrigðisáætlun bjóðanda.

M2: Fjárhagsstaða bjóðenda:

- M2a: Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 50% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í viðkomandi verk. *
- M2b: Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt skv. endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.
- M2c: Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.
- M2d: Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna.

*Ef verktími er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verktíma.

M3: Persónulegar aðstæður bjóðenda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- a. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- b. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- c. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- d. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- e. Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- f. Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- g. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir eða fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Hæfisflokkur A

M1: Tæknileg geta bjóðanda:



- M1a: Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 50% af tilboði í þetta verk
- M1b: Yfirstjórnandi verks skal hafa á sl. 3 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 50% af tilboði bjóðanda í þetta verk
- M1c: Bjóðandi skal hafa tæknimenntaðan starfsmann.
- M1d: Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki
- M1e: Öryggis og heilbrigðisáætlun bjóðanda. Gerð er krafa um að starfsmaður (verkstjóri) hafi lokið viðurkenndu námskeiði um merkingar vinnusvæða.**
- M2: Fjárhagsstaða bjóðenda:
- M2a: Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda hafi að lágmarki verið sem nemur 80% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í viðkomandi verk síðastliðin 3 ár *
- M2b: Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt ** samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstrarhæfi.
- M2c: Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld
- M2d: Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna

* Ef verktími er lengri en 12 mánuðir má lækka kröfu um meðalársveltu í hlutfalli við verktíma.

** Ef umfang samnings í hæfisflokk C er yfir 800 m.kr. er gerð krafa um að eigið fé bjóðanda sé a.m.k. jákvætt sem nemur 5% af tilboðfjárhæð.

- M3: Persónulegar aðstæður bjóðenda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir eða fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Slysatiðni

Opinberir verkkaupar stefna að því að setja fram kröfur um hámarksslysatiðni hjá fyrirtækjum bjóðenda. Þar sem upplýsingar um slysatiðni liggja almennt ekki fyrir mun í upphafi verða gerð krafa um skráningu slysatiðni (H-gildi = fjöldi vinnuslysa sem leiða til fjarveru x



1.000.000/fjöldi unninna vinnustunda; H-gildi miðast við eitt ár). Þar sem slysafjöldi getur sveiflast nokkuð milli ára mun verða gerð krafa um meðaltal þriggja ára. Aðlögunartími þar til krafan verður sett fram er því að lágmarki 3 ár.

Fylgiskjal 2. Tillaga að breytingu á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007

Aðilar vinnumarkaðarins leggja til við ríkisstjórnina að gerðar verði eftirfarandi breytingar á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup:

1. gr.

42. gr. laganna *Undirverktaka* orðist svo:

Kaupandi skal í útboðslýsingu krefjast þess að bjóðandi upplýsi í tilboðsgerð hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og að bjóðandi upplýsi hvaða undirverktaka hann hyggst nota, áður en undirverktakinn hefur störf.

Í útboðslýsingu skal taka fram að verkta skuli leita viðurkenningar verkkaupa á undirverktaka. Einnig skal í útboðslýsingu tilgreina þær upplýsingar sem aðalverktaka er skylt að veita kaupanda upplýsingar um. Þá skal í útboðslýsingu taka fram að verkkaupa er heimilt að hafna undirverktaka, ef hann uppfyllir ekki almennar hæfiskröfur útboðsgagna. Í útboðslýsingu skal tilgreina þau atriði sem koma til mats hvort undirverktaki uppfylli hæfiskröfur útboðsgagna. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.


2. gr.

44. gr. laganna *Skyldur sem tengjast sköttum, umhverfisvernd, réttindum launþega og vinnuvernd* orðist svo:

Kaupandi skal upplýsa í útboðsskilmálum hjá hvaða stofnun eða stofnunum þáttakendur eða bjóðendur geta aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega og vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi á samningstímanum.

Kaupandi sem veitt hefur þær upplýsingar sem greinir í 1. mgr. skal óska eftir því við þáttakendur eða bjóðendur að þeir taki fram að þeir hafi tekið tillit til skyldna sinna varðandi réttindi launþega, vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi þegar þeir gerðu tilboð sitt.

Kaupandi skal í útboðsgönum vegna verkframkvæmda taka fram að standi verkta ekki í skilum með launagreiðslur til þeirra sem við verkið vinna og slík vanskil valda töfum á verkinu sé verkkaupa heimilt að greiða sannanlega vangoldin laun á kostnað verkta. Þá skal kaupandi tilgreina í útboðsgönum að kaupandi geti krafíð verkta um staðfestingu á stöðu uppgjörs við undirverktaka, áður en verkkaupi og verkta ganga frá lokauppgjöri og er verkkaupa heimilt að greiða sannanlegar vangoldnar kröfur til undirverktaka á kostnað verkta.



3. gr.

Síðari mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Fleiri fyrirtækjum er heimilt að standa að tilboði eða þáttökutilkynningu sameiginlega, enda teljast þau þá bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Í útboðslýsingu skal taka fram að verði samið við hóp rekstraraðila taki hann upp ákveðið rekstrarform að lögum ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma samninginn á fullnægjandi hátt.

4. gr.

73. gr. laganna *Óeðlilega lág tilboð* orðist svo:

1. Ef tilboð vegna tiltekins samnings virðast óeðlilega lág miðað við vöru, verk eða þjónustu skal samningsyfirvald, áður en það getur vísað þessum tilboðum frá, óska eftir nákvæmri, skriflegrí lýsingu á þeim efnispáttum tilboðsins sem það telur skipta máli.

Þessar upplýsingar geta einkum varðað:

- a) hagkvæmni byggingaraðferðar, framleiðsluferlis eða þjónustu,
- b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, og/eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,
- c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,
- d) samræmi við gildandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði á staðnum þar sem framkvæmd verks, afhending vöru eða veiting þjónustu fer fram,
- e. laun, önnur starfskjör og aðbúnað starfsfólks,
- f) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

2. Samningsyfirvöld skulu sannreyna þessa efnispætti með viðræðum við bjóðanda, að teknu tilliti til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

3. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið veittur lögum samkvæmt. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

77. gr. laganna *Gerviverktaka orðist svo:*

Fast ráðningarsamband er meginreglan í samskiptum starfsmanna og atvinnurekenda. Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.

Að gerðum framangreindum breytingum munu lagagreinarnar orðast eftirfarandi:

42. gr. Undirverktaka



Kaupandi skal í útboðslýsingu krefjast þess að bjóðandi upplýsi í tilboðsgerð hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og að bjóðandi upplýsi hvaða undirverktaka hann hyggst nota, áður en undirverktakinn hefur störf.

Í útboðslýsingu skal taka fram að verktaki skuli leita viðurkenningar verkkaupa á undirverktaka. Einnig skal í útboðslýsingu tilgreina þær upplýsingar sem aðalverktaka er skylt að veita kaupanda upplýsingar um. Þá skal í útboðslýsingu taka fram að verkkaupa er heimilt að hafna undirverktaka, ef hann uppfyllir ekki almennar hæfiskröfur útboðsgagna. Í útboðslýsingu skal tilgreina þau atriði sem koma til mats hvort undirverktaki uppfylli hæfiskröfur útboðsgagna. Upplýsingar bjóðanda um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð bjóðanda gagnvart kaupanda.

44. gr. Skyldur sem tengjast sköttum, umhverfisvernd, réttindum launþega og vinnuvernd.

Kaupandi skal upplýsa í útboðsskilmálum hjá hvaða stofnun eða stofnunum þáttakendur eða bjóðendur geta aflað sér upplýsinga um skyldur sínar varðandi skatta, umhverfisvernd, réttindi launþega og vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi á samningstímanum.

Kaupandi sem veitt hefur þær upplýsingar sem greinir í 1. mgr. skal óska eftir því við þáttakendur eða bjóðendur að þeir taki fram að þeir hafi tekið tillit til skyldna sinna varðandi réttindi launþega, vinnuvernd og önnur skilyrði fyrir starfsemi á Íslandi eða því sveitarfélagi þar sem verk á að vinnast eða þjónustu á að inna af hendi þegar þeir gerðu tilboð sitt.

Kaupandi skal í útboðsgönum taka fram að standi verktaki ekki í skilum með launagreiðslur til þeirra sem við verkið vinna og slík vanskil valda töfum á verkinu sé verkkaupa heimilt að greiða sannanlega vangoldin laun á kostnað verktaka. Þá skal kaupandi tilgreina í útboðsgönum að kaupandi geti krafíð verktaka um staðfestingu á stöðu uppgjörs við undirverktaka, áður en verkkaipi og verktaki ganga frá lokauppgjöri og er verkkaupa heimilt að greiða sannanlegar vangoldnar kröfur til undirverktaka á kostnað verktaka.

Hæfi þáttakenda og bjóðenda í opinberum innkaupum.

46. gr. Almennar reglur um fyrirtæki.

Óheimilt er að vísa frá þáttakanda eða bjóðanda með vísan til þess að innlendar reglur áskilji að veitandi þjónustu þurfi að vera annaðhvort einstaklingur eða lögaðili, enda sé þáttakandanum eða bjóðandanum heimilt að veita þá þjónustu sem til stendur að kaupa samkvæmt lögum staðfesturíkis síns. Þegar um er að ræða þjónustusamninga, eða verksamninga ásamt vörusamningum sem fela einnig í sér þjónustu og/eða eftirlit og uppsetningu, er heimilt að krefjast þess af lögaðila að hann tilgreini í tilboði eða þáttökutilkynningu nöfn og starfsmenntun þeirra starfsmanna sem munu sjá um framkvæmd samningsins.

Fleiri fyrirtækjum er heimilt að standa að tilboði eða þáttökutilkynningu sameiginlega, enda teljast þau þá bera sameiginlega ábyrgð á efndum samnings. Í útboðslýsingu skal taka fram að verði samið við hóp rekstraraðila taki hann upp ákveðið rekstrarform að lögum ef það er nauðsynlegt til að unnt sé að framkvæma samninginn á fullnægjandi hátt.

73. gr. Óeðlilega lág tilboð.

1. Ef tilboð vegna tiltekins samnings virðast óeðlilega lág miðað við vöru, verk eða þjónustu skal samningsyfirvald, áður en það getur vísað þessum tilboðum frá, óska eftir nákvæmri, skriflegri lýsingu á þeim efnisþáttum tilboðsins sem það telur skipta máli.

Þessar upplýsingar geta einkum varðað:

- a) hagkvæmni byggingaraðferðar, framleiðsluferlis eða þjónustu,
- b) tæknilegar lausnir, sem hafa verið valdar, og/eða hvers konar óvenjulega hagstæðar aðstæður bjóðanda við framkvæmd verks, afhendingu vöru eða veitingu þjónustu,
- c) frumleika í tillögum bjóðanda varðandi verk, vöru eða þjónustu,
- d) samræmi við gildandi ákvæði um vinnuvernd og vinnuskilyrði á staðnum þar sem framkvæmd verks, afhending vöru eða veiting þjónustu fer fram.,
- e) laun, önnur starfskjör og aðbúnað starfsfólks,
- e) möguleika bjóðanda á því að fá ríkisstyrki.

2. Samningsyfirvöld skulu sannreyna þessa efnisþætti með viðræðum við bjóðanda, að teknu tilliti til þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

3. Ef samningsyfirvald kemst að raun um að tilboð sé óeðlilega lágt vegna þess að bjóðandi hafi fengið ríkisstyrk er ekki hægt að vísa tilboðinu frá af þeirri ástæðu einni fyrr en samningsyfirvaldið hefur átt viðræður við bjóðanda og hann reynist, að loknum hæfilegum fresti sem samningsyfirvaldið setur, ófær um að sanna að viðkomandi styrkur hafi verið veittur lögum samkvæmt. Ef samningsyfirvald vísar tilboði frá við þessar aðstæður skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

77. gr. Gerviverktaka.

Fast ráðningarsamband er meginreglan í samskiptum starfsmanna og atvinnurekenda. Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar um ráðningarsamband er að ræða eða það á við samkvæmt venju og eðli máls.